



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

# ÁRSSKÝRSLA 2008



## HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Miðvangi 2-4 • 700 Egilsstaðir  
sími: 471 2184 • fax: 471 2172  
skogar@heradsskogar.is  
[www.heradsskogar.is](http://www.heradsskogar.is)

# Ágæti lesandi

Á síðunum hér á eftir verður farið yfir starfsemi Héraðs- og Austurlandsskóga árið 2008. Starfið var með nokkuð hefðbundnu sniði en þó er ljóst að áherslubreytingar eru framundan í starfseminni þar sem verkþættir eins og grisjun eru að verða aðkallandi. Stjórn Héraðs- og Austurlandsskóga er óbreytt frá fyrra ári en hana sitja Þorvaldur Jóhannsson formaður, Þór Þorfinnsson frá Skógrækt ríkisins og Jóhann Gísli Jóhannsson frá Félagi skógarbænda á Héraði. Haldnir voru 6 fundir stjórnar á árinu.

Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Verkefnastjórnir Jóhann Þórhallsson og Agnes Brá Birgisdóttir létu af störfum en bæði höfðu þau starfað til margra ára hjá verkefninu. Höfðu margir af þátttakendum verkefnisins orð á að þeirra væri saknað og vissulega er alltaf mikil eftirsjá í góðu fólki. Benjamín Örn Davíðsson sem starfað hefur tímabundið hjá verkefninu og Hlynur Sigurðsson voru ráðnir í stöður verkefnastjóra. Aðrir starfsmenn eru Freyja Gunnarsdóttir, Ólöf I. Sigurbjartsdóttir, Sherry Curl og Sigbjörn Sævarsson. Að auki voru Else Möller og Þórveig Jóhannsdóttir tímabundið við störf hjá verkefninu.

Breytingar á starfsmannahaldi Héraðs- og Austurlandsskóga á árinu trufluðu ekki framkvæmdaglegi skógarbænda og gengu framkvæmdir ársins vel. Enn á ný var met sett í fjölda gróðursettra plantna en í jörðu fóru alls 1.480.927 stk. Aðrar framkvæmdir eins og slóðagerð og grisjun voru umtalsverðar og vex stöðugt sá þáttur í starfseminni.

Í október urðu eins og allir vita kaflaskil í sögu landsins. Sá veruleiki sem við skógarbændum blasir í lok ársins er dekkri en oft áður og í fjárlögum sem lögð voru fram í desember kom í ljós verulegur niðurskurður á fjármagni til verkefnisins. En ekki þýðir að leggja árar í bát og vert er að minnast frumkvöðlanna og þess sem þeir áorkuðu.

Í skýrslu RHA um félags- og efnahagsleg áhrif Héraðsskóga sem út kom árið 2007 er góð samantekt um áhrif verkefnisins á Austurland. En þar segir:


*„...efnahagsáhrif Héraðsskóga kunna að vera góð fyrir Hérað og Mið-Austurland um þessar mundir og síðustu ár en verkefnið er þó fyrst og fremst langtímafjárfesting sem gefur von um miklu meiri efnahagsumsvif síðar meir. Það er hægt að sigla burtu frá einu byggðarlagi með allan kvótann innanborðs og skilja fólk eftir í örbyrgð með verðlausar eignir. Það er hins vegar ekki hægt að sigla í burt með heilan skóg og skilja byggðarlag eftir í rúst. Svo fremi sem skógurinn brennur ekki á einu bretti munu plönturnar vaxa þar sem þær eru gróðursettar og það mun þurfa að höggva þær þar sem þær eru. Með skógrækt er því ekki einungis verið að gróðursetja plöntur heldur má segja að verið sé að gróðursetja búsetu fólks til langrar framtíðar.“*

Með þessi orð í huga höldum við hnarreist okkar striki, brosum á móti sól og örkum út í skóg.


# Skógræktarframkvæmdir

## Gróðursetning


Árið 2008 voru gróðursettar 1.480.927 plöntur sem er meira en áður hefur verið plantað á svæðinu. Vörgróðursetning gekk vel, tíðarfar var skógarplöntum hagstætt, engin hret eða áföll gerðu skráveifu. Langstærsti hlutinn var gróðursettur að vori en um 250 þúsundum var þó plantað að haustinu. Nokkur hluti plantnanna var afhentur af frysti hjá Barra en þetta var í fyrsta sinn sem bændur fengu frosnar plöntur til gróðursetningar. Vel gekk að innleiða nýtt verklag við plönturnar en þó er rétt að benda á mikilvægi þess að koma frosnum plöntum snemma í jörðu að vorinu. Líkt og undanfarin ár var mest gróðursett af lerki og greni en hlutur birkis fer vaxandi.



Hlutfall tíma á gróðursetningu.



Hlutfalla gróðursettra tegunda.



## Áburðargjöf

Borið var 1.710 þúsund plöntur. Jafnan er borið á nýgróðursetningar að vori og haustgróðursetningar árið eftir. Einnig var talsvert um að borið væri á eldri gróðursetningar.

## Skjólbelti

Unnið var að skjólbeltarækt á 8 jörðum. Um 18 km voru plastlagðir og gróðursettar 41 þúsund plöntur sem er með mesta móti.

## Jarðvinnsla

Jarðvinnsla var með hefðbundnu sniði, stærstur hluti gróðursetninga fer í jarðunnið land. Jarðunnið var á 28 jörðum samtals 295 ha. Um 34 ha voru plægðir og 262 herfaðir.

## Girðingar og slóðagerð


Girðingaviðhald var með hefðbundnu sniði. Auk hefðbundins viðhalds voru girtar nýgirðingar á 9 jörðum samtals um 18,5 ha. Slóðagerð er sífellt stærri verkþáttur. Unnið var að slóðagerð á samtals 19 jörðum. Bæði er verið að lagfæra eldri slóða og leggja nýja.

## Grisjun og viðarvinnsla


Unnið var að grisjun á 8 jörðum, í litlum mæli á þeim flestum. Kjarrasagaðir voru um 31 ha á 6 jörðum og í hefðbundinni grisjun voru felldir um 347 rúmmetrar af bolviði. Eins og fyrri ár seldu nokkrir bændur jólatré á jólamarkaði Barra.

## Úttektir

Fram fór hefðbundin úttekt á jarðyglu á Héraði. Stofninn virðist vera í lágmarki.



Hlutfall gróðursetningar eftir svæðum.



# Grænni skógar II – Skotlandsferð

Í framhaldi af vel heppnaðri námskeiðsröð Grænni skóga I á Austurlandi fóru Grænni skógar II af stað og í ágúst 2009 var komið að einum skemmtilegasta hluta námskeiðsraðarinnar, að kynna sér skógrækt erlendis.

Stefnan var sett á Skotland og sá Arnlín Óladóttir um alla skipulagningu ferðarinnar ásamt því að sjá um fararstjórn hópsins á skoskri grund. Ferðaáætlunin hljóðaði upp á vikudvöl, mikla yfirferð og á dagskránni voru margir staðir til skoðunar. Hópurinn lagði af stað að morgni 12. ágúst og taldi 14 manns.

Leiðsögumaðurinn, Arnlín Óladóttir, ásamt bíl og bílstjóra beið hópsins á Glasgowflugvelli og það var enginn miskunn hjá Magnúsi, strax haldið af stað á vit ævintýranna.

Argyll-trjásafnið var fyrsti viðkomustaður og þar fengu þátttakendur strax yfirgripsmikla sýn yfir tegundir trjáa og þá ekki síst í að þekkja tegundir. Næsti viðkomustaður var Ardkinglas Woodland trjagarðurinn sem var skoðaður í því líkri hellidembu að ferðalangar án regnhlífa líktust mest niðurrignindum kettlingum. Þar var að finna mörg merkilega tré en það sem dró hópinn að sér var Evrópupinur sem er titlaður mikilfenglegasta barrtré Evrópu. Það tók þó nokkra þátttakendur með útréttan faðm í að umkringja þetta tré.

Þessi fyrsti dagur var sannur forsmekkur af því sem koma skyldi því það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar sem komu í náttstað rétt undir kvöldmat. Næsta dag hélt hópurinn sig á svipuðum slóðum og heimsótti vesturlandsdeild skosku Skógræktar ríkisins við Loch Awe. Þar fengum við m.a. að sjá hvernig þeir standa að verndun og endurheimt eikarskóga, skógarhöggi, jarðvinnslu og endurplöntun. Það voru mikilfengleg tæki notuð við skógarhöggið sem vöktu athygli tækjaglaðra þennan daginn og sennilega var sett met í því hvað kæmust margir í einu inn í stýrishús skógarhöggsvélar.

Gist var á sama stað og áður en það var eina skiptið í ferðinni fyrir utan tvær síðustu næturnar í Glasgow þar sem slíkt stóð til boða.

Næsta dag var stefnan sett norðar á bóginn á leiðis inn í skosku hálöndin. Þar fengum við fullt af sögu Skotlands beint í æð þegar við keyrðum niður í Glen Coe dalinn og ekki síður þegar við skoðuðum sögusýningu í gestastofu Scottish National Heritage sem er í dalnum. Húsið sem hýsir gestastofuna var ekki síður athyglisvert þar sem það er sjálfbært, timburhús úr skosku timbri, með eigin vatnshreinsibúnað og kynt með viðarkurli.



Hópurinn á leið niður í Glen Coe dalinn.



Í Glen Coe við gestastofu Scottish National Heritage.

Úr kyrrðinni og sögunni í Glen Coe var farið í stærðarinnar sögunarmyllu í bænum Fort William þar sem við fengum góða leiðsögn og kynningu á því sem þar fer fram.

Í Fort Williams náðum við svo loksins að heyra eitthvað af þjóðlegum skoskum sekkjapípuleik, bæði á götum bæjarins og á tónleikum með mergjaðri hljómsveit: The Red Hot Chile Pipers sem spilaði klassískt rokk á sekkjapípur.

Föstudaginn 15. ágúst var strikið sett beint upp í skosku hálöndin og skoðuðum við tvær stórar landareignir þennan dag, aðra í umsjá Scottish National Heritage (Creag Meagaidh friðlandið) en hina í einkaeign (Rothiemurchus Estate). Í göngutúrnunum um Creag Meagaidh varð hópurinn fyrir árás mývargs í kjölfar hellidembu og þurfti að grípa til allra varna sem í boði voru en margir voru vel bitnir eftir fjörið. Skotarnir segja mývarginn vera eitt af varnartækjum Skotlands gagnvart Enskinum, vargurinn éti Englendinga í morgunmat. Rothiemurchus Estate er risastór jörð (óðalsetur) miðað við íslenskar bújarðir en þar fer fram skógrækt, annar landbúnaður, ferðþjónusta, veiðar og fræðsla. Á jörðinni búa um 100 fjölskyldur og um milljón manns koma þar árlega í heimsókn til að njóta þess sem eignin hefur upp á að bjóða. Á báðum stöðum er verið að auka sjálfræðslu náttúrulegra skóga, m.a. með beitarstýringu.

Áfram héldum við um hálöndin og næsta dag var stefnan sett á aðra risajörð, Atholl, en þar var m.a. annars að finna ægilega

fallegan kastala, Blair-kastala, og hæsta lerkitré Skotlands. Á Atholljörðinni er mikið af lerki en upphafið af lerkiræktinni þar má rekja til ársins 1738 þegar Evrópulerki var flutt inn til Skotlands og fimm stykkjum var plantað við Blair kastalann. Páverandi hertoga fannst lerkið fallegt og plantaði miklu sem og afkomendur hans. Sagan segir að þegar lerkið var komið vel á veg og mikið fræfall af því hafi hertoginn gripið til þess ráðs að skjóta fræjunum með fallbyssum upp í hlíðarnar til að koma því sem víðast og hraðast út. Eitt af fimm fyrstu trjánunum af upphaflega Evrópulerkinu lifir enn og er um 35 metra hátt.

Atholl-hertogarnir ferðuðust víða og einn tók með sér fræ af Japanslerki heim og var því plantað innan um Evrópulerkið. Upp úr aldamótunum 1900 tóku menn eftir nokkrum trjám sem voru beinvaxnari en Japanslerkið, ekki með eins mikinn greinakrans og Evrópulerkið auk þess að vera hraðvaxnara. Þarna var kominn fram blendingur sem sameinaði kosti foreldranna, sífjalerkið.

Þessi dagur var sannkallaður lerkidagur því næst var haldið til Craigvinian skógar þar sem starfsmenn skosku Skógræktar ríkisins tóku á móti okkur og fræddu okkur meðal annars um sögu lerkis í Skotlandi og stöðuna í dag. Um kvöldið gistum við í Birnam, þar sem er að finna ævintýrlega gamalt eikartré frá dögum Macbeth.

Nú var farið að líða að lokum ferðar en enn voru tveir dagar eftir og við nálguðumst Glasgow á hringferðinni okkar. Næst síðasta daginn lá leiðin í fallegan skóg, The Hermitage, þar sem var m.a. að finna hæsta tré Bretlands en það er Douglas greni, 64 m hátt, og eftir þá skoðunarferð var stefnan tekin á Sterling þar sem Wallace minnismerkið stendur á hæð. Wallace minnismerkið var reist til heiðurs William Wallace mikillar hetju í Skotlandi en hann er m.a. fyrirmynd Braveheart í samnefndri kvikmynd. Minnismerkið stendur á hæð þar sem finna mátti flestar þær trjátegundir sem skoðaðar höfðu verið í ferðinni og eftir skoðun minnismerkisins fór fram próf í því að þekkja trjátegundirnar á leið niður hæðina. Á heildina litið kom hópurinn ágætlega út úr því prófi þó kannski einn eða tveir hafi dregið meðaltalið niður.

Eftir prófið stefndi rútan beint á Glasgow en örlítill óvæntur útdúrvartekinn með heimsókn í viskiverksmiðju. Fararstjórinn lét það að sjálfsögðu ekki koma fyrir að ferðalangar stigu fæti á skoska grund án þess að kynna sér guðaveigarnar skosku til þrautar, bæði framleiðsluferli og bragð.

Síðasta heila daginn var ekki til setunnar boðið og haldið af stað til Aberfoyle þar sem finna má gestastofu skosku Skógræktar ríkisins þar sem margt fróðlegt var að finna m.a. um útivistarskógrækt. Einnig voru þar áhættuleiktæki fyrir þá hugrökku en þeir fóru hangandi í kaðli dágóðan spöl yfir dal þrátt fyrir steypiregnið.

Eftir þessa heimsókn var frjálfs eftirmiðdagur í Glasgow og misjafnt hvað fólk nýtti hann í, sumir fóru í búðir aðrir í heimsókn á skoska þjóðminjasafnið.

Næsta morgun var svo haldið heim á leið eftir góða ferð.

Við viljum nota tækifærið og þakka Skógrækt ríkisins, Barra og Sólskógum sem kostuðu sitt hvorn kvöldverðinn fyrir hópinn sem og Arnlíni Óladóttur sem skipulagði ferðina og sá um leiðsögn.



Í Creag Meagaidh, mývargsárás í algleymingi.



Útsýni yfir Sterling úr Wallace Monument.

# Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga

Á árinu gaf Skógrækt ríkisins í samvinnu við Skipulagsstofnun út bækling um skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Markmiðið með gerð bæklingins var það að hann gæti svarað spurningum sem upp koma við gerð skipulagsáætlana og hvernig málsmeðferð skuli háttað ef skógrækt eða skógaruðningur fellur undir mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Sífelld háværing hefur nú um nauðsyn þess að vernda ræktanlegt land og hefur því verið haldið fram að skógræktinni sé gert óþarflega hátt undir höfði þegar val á landi er annars vegar. Sitt sýnist hverjum um það, en í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er sett fram stefna sveitarfélagsins um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og fyrir kemur að sú stefna fer á skjön við hugmyndir landeigenda um notkun á sínu landi.

Öll skógrækt sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitastjórnar. Framkvæmdaleyfisskyldan er óháð niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Sveitastjórn er ekki heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir. Skógrækt sem ekki fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum er ekki háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, bls. 16

# Grænsíða

Unnið hefur verið að gerð gagnagrunnsins Grænsíðu í samstarfi við önnur landshlutaverkefni undanfarin ár. Grunnurinn var opnaður formlega í ársbyrjun 2007 en því miður var virkni hans ekki sú sem vonir stóðu til og þurfti verulegan tíma og fjármagn til þess að laga þau atriði sem ekki virkuðu. Nokkurs óþols var farið að gæta í röðum samstarfsaðila þar sem hægt gekk að endurbæta grunninn og kostnaður var mikill. Það endaði með því að samstarfssamningi var sagt upp og þróunar- og viðhaldssamningi einnig. Grunnurinn komst því ekki í almenna notkun eins og vonir stóðu til og var í raun settur í bið um óákveðinn tíma.

Héraðs- og Austurlandsskógar voru eina landshlutaverkefnið sem búið var að setja öll sín gögn inn í grunninn og byrjað var að úthluta bændum aðgangsorðum ásamt því að þeim var boðið að sitja námskeið þar sem kennt var á grunninn. Það verður að viðurkennast að nokkur vonbrigði urðu með þessa niðurstöðu þar sem segja má að gerð gagnagrunnsins væri kominn á „lokasprettinn“.



Skógarhögg hjá skosku skógræktinni.

[www.graensida.is](http://www.graensida.is)



Myndarlegir bolir (Skotland).

# Pelletime

Héraðs- og Austurlandsskógar ásamt Skógrækt ríkisins á Hallormsstað eru aðilar að NPP (Northern Periphery) verkefni Evrópusambandsins sem hófst á árinu. Verkefni þetta er í samstarfi við Finna, Svía og Skota og hefur það megininntak að fjalla um viðar-pellettur og hvernig megi auka verðmæti skóga með betri nýtingu og nýjum tækifærum. Pellettur eru litlir kögglar af samanpressuðu sagi og minnir helst á grasköggla sem flestir þekkja, enda er svipuðum aðferðum beitt við framleiðsluna. Þar sem Ísland hefur þá sérstöðu meðal þessara þjóða að enginn markaður er til staðar fyrir pellettur (eins og er) hafa áherslur okkar í verkefninu því snúist frekar að nýtingu iðnvíðar. Loftur Jónsson hjá Skógráðum ehf. var ráðinn verkefnisstjóri Pelletime fyrir Héraðs- og Austurlandsskóga.





*Evrópuþinurinn í Ardkinglas trjágarðinum.*

# Áætlanagerð og rekstur íslenskra skóga í þágu útivistar

Sherry Curl lauk á árinu meistaranámi í skógfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Lokaverkefni hennar var rannsókn sem hún vann um nýtingu útivistarskóga. Hér á eftir er sagt í stuttu máli frá verkefninu og helstu niðurstöðum þess. Heiti verkefnisins er:

**Áætlanagerð og rekstur íslenskra skóga í þágu útivistar:**

Próun uppbyggingar á aðstöðu með tilliti til greiningar á væntingum og ábata notenda.

Nýting skóga til útivistar er að mestu nýlegt fyrirbæri hér á landi, svipað og skógarnir sjálfir. Engin umgjörð er til staðar um áætlanagerð og rekstur útivistarskóga á Íslandi og nauðsynlegar upplýsingar til að skapa slíka umgjörð vantar. Til að bæta úr þeim upplýsingaskorti var póstkönnun hönnuð og framkvæmd þar sem reynt var að fá svör við eftirtöldum spurningum:

1. Eru mismunandi notendahópar sem nýta skóga til útivistar?
2. Ef svo er, er munurinn á þeim nægur til að byggja umgjörð um áætlanagerð og rekstur á?
3. Hvaða ábata sækjast notendur skóganna eftir?
4. Er mikilvægis-frammistöðumat nothæft til að fylgjast með gæðum útivistarskóga á Íslandi?

Tilvonandi svarendur voru skráðir í tveimur dagdvalarskógum (Kjarnaskógi og Heiðmörk) og tveimur skógum með tjaldsvæðum (Hallormsstaðaskógi og Vaglaskógi). Fervikagreining var framkvæmd á svörum miðað við þrennskonar flokkun: eftir félagslegum hópum, eftir ábata sem fólk taldi sig fá og eftir tegund skógar, þ.e. dagdvalar eða með tjaldsvæði. Svörin voru einnig notuð við mikilvægis-frammistöðumat á hverjum skógi fyrir sig.

Munur á væntingum um aðstöðu og rekstur eftir félagshópum og ábata reyndist of lítil til að byggja umgjörð um áætlanagerð og rekstur á. Hins vegar var nægur munur á væntingum dagdvalargesta og tjaldsvæðagesta til að byggja slíka umgjörð á, þar sem tjaldsvæðagestir lögðu meiri áherslu á öryggi, aðgang að vatni, nálægð við verslanir og fleiri atriði tengd lengd dvalarinnar. Einnig kom fram skýr munur milli tegunda ábata sem fólk taldi sig fá og taldi fólk sig einkum njóta endurnæringar, lærdóms, félagslegra tengsla og andlegrar upplifunar í öllum skógunum.

Væntingar skógargesta voru notaðar til að búa til forgangslista sem nota má við val á nýjum svæðum til útivistar og ákvarðanatöku um úrbætur á núverandi útivistarsvæðum. Mikilvægis-frammistöðumat reyndist vel við að meta gæði aðstöðu til útivistar í skógunum það ætti einnig að nýtast við mat á útkomu aðgerða til að bæta aðstöðu og við gerð gæðastaðla um útivistaraðstöðu sem nota má í skógum landsins.



## Jólatrjáanámskeið í Danmörku

Dagana 3. - 7. nóvember fóru tveir starfsmenn Héraðs- og Austurlandsskóga í samstarfi við önnur landshlutaverkefni í skógrækt ásamt Skógrækt ríkisins og Landbúnaðarháskóla Íslands til Danmerkur. Markmið ferðarinnar var að skoða, kynnast og læra um jólatrjáarækt í danaveldi.

Námskeiðið fór að mestu fram á norður Jótlandi en danir hafa ræktað jólatré frá því um miðja síðustu öld og hafa þar af leiðandi verið brautryðjendur í bæði ræktun og tækni sem fer samhliða jólatrjáaræktun.

Jólatrjáasala dana til annarra landa hefur aukist á árunum 1988 til 2006 um 500 %.

Árið 2006 fluttu þeir út greinar og jólatré fyrir 1,2 milljarða. Þýskaland er með mestu markaðshlutdeildina eða 48 % en einnig flytja þeir út til Frakklands, Austurríkis, Bretlands, Póllands, Noregs, Sviss, Hollands o.f.l. Aðaltegundir Dana til útflutnings eru Rauðgreni og Eðalþinur.

Það er óhætt að segja að í þessari ferð var margt skoðað og mörgu velt fyrir sér. Skoðað var sérstakt svæði sem er eingöngu notað fyrir "klippegront" eða greinar.



Jólatrjáaræktendur eru á nokkuð breiðu bili er kemur að fjölda ræktaðra trjáa á ári, allt frá nokkur hundruð plantna til tugi þúsunda. Jólatrén eru ýmist ræktuð í pottum eða á ökrum og reitt eða eitruð í kringum trén en allir eiga það sameiginlegt að bera vel af áburði á jólatrén.

Tæknin er mikið notuð á stærri ökrum, þar eru sérhönnuð tæki til að sprauta eitri og áburði, sér tæki til að klippa trén í það form sem þykir hæfa jólatrjám, sér vél sem klippir greinar af neðstu 20 cm stofnsins. Á þessar vélar má kíkja á slóðinni [www.jutek.dk](http://www.jutek.dk) og [www.egedal.dk](http://www.egedal.dk)

Margt getum við íslenskir skógræktendur tekið okkur til fyrirmyndar og nýtt okkur af reynslu dana til að auka gæði og framleiðni í jólatrjáaframleiðslu hér á Íslandi.

Til dæmis eru flest jólatrjáaræktunarsvæði dana í góðu skjóli. Þeir bera á jólatrén tilbúinn áburð allt að þrisvar sinnum á ári og þeir halda samkeppnisgróðri í lámarki með eitrunum og einærum tegundum. Gott næringarástand, skjól og lítil samkeppni við annan gróður eru lykilþættir í framleiðslu á hágæða jólatrjám hvort sem er hér á landi eða í danaveldi.

Hér ætti því að vera hægt að koma upp litlum og miðlungsstórum fyrirtækjum sem myndu sérhæfa sig í jólatrjáaræktun.

*Myndir með grein eru teknar af Agnesi Geirdal.*





*Hæsta tré Bretlands, 64 metra hátt Douglas greni.*

# Félag skógarbænda

Á starfssvæði Héraðs- og Austurlandsskóga er starfandi Félag skógarbænda á Héraði. Árið 2001 var stofnað annað félag skógarbænda, Félag skógarbænda á Austurlandi en starfssemi þess hefur legið niðri um nokkra hríð. Skógarbændafélög eru stofnuð til þess að efla nytjaskógrækt á starfssvæði sínu sem búgrein og standa vörð um hagsmuni ábúenda og jarðeigenda sem stunda nytjaskógrækt á jörðum sínum.

Stjórn Félags skógarbænda á Héraði  
er skipað eftirtöldum aðilum:

Jóhann Gísli Jóhannsson formaður - breidavad@emax.is

Ásmundur Þórarinnsson - asmundur.th@vortex.is

Björn Ármann Ólafsson - bao@simnet.is


Helgi Bragason - helgihb@simnet.is

Þorsteinn Pétursson - lurkur@strik.is

# Fjármál


Fjárveiting ársins 2008 var kr. 154,2 millj. kr. Á mynd 1 sést hvernig fjárveitingar til verkefnisins hafa þróast. Athugið að á árunum 1990 til 2000 eru eingöngu Héraðsskógar starfandi, frá árinu 2001 sýnir myndin samanlagða fjárveitingu til Héraðsskóga og Austurlandsskóga. Á myndinni kemur skýrt fram að fjárveitingar hafa ekki fylgt verðlagsþróun allt frá árinu 2005.

Mynd 1




Þegar skipting fjármagns á milli svæða sem fer til framkvæmda er skoðuð nokkur ár aftur í tímann (mynd 2), sést að ekki er um miklar breytingar að ræða. Þó má greina örlitla aukningu á fjörðunum síðasta ár en árin þar á undan hafði heldur dregið úr umsvifum þar.

Mynd 2




Ef borað er aðeins lengra niður í tölfræðina og framkvæmdir innan hvers hrepps (gamla hreppaskiptingin) skoðaðar sést að mestu framkvæmdirnar eru á Héraði. Norður-Hérað er í mikilli sókn á síðasta ári á kostnað Austur-Héraðs en þetta eru þeir tveir hreppar sem mestu framkvæmdirnar eru í. Aðrir hreppar eru með mun minna (mynd 3).

Mynd 3



Búið er að semja um 16.550 ha. til skógræktar á jörðum á Austurlandi. Einungis er búið að gróðursetja í um 6.400 ha. Ljóst er að langt er í að markmiði stjórnvalda um að skógur verði ræktaður á 5% af láglendi undir 400 m.y.s. náist, en á Austurlandi væru það u.þ.b. 22.544 ha. (mynd 4)

Mynd 4



# Rekstrarreikningur

	Reikningur 2008	Reikningur 2007	Fjárheimildir 2008
Tekjur			
Sértekjur	5.555.919	4.743.533	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	<b>5.555.919</b>	<b>4.743.533</b>	<b>0</b>
Gjöld			
Almennur rekstur	175.201.809	169.371.627	155.800.000
101 Héraðs- og Austurlandsskógar	175.201.809	169.371.627	155.800.000
Stofnkostnaður	0	4.205.404	0
601 Tæki og búnaður	0	4.205.404	0
Gjöld samtals	<b>175.201.809</b>	<b>173.577.031</b>	<b>155.800.000</b>
Tekjur umfram gjöld	-169.645.890	-168.833.498	-155.800.000
Framlag úr ríkissjóði	155.800.000	151.200.000	155.800.000
Hagnaður/tap ársins	-13.845.890	-17.633.498	0



Tré eins langt og augað eygir (Skotland).

# Efnahagsreikningur

Eignir	Reikningur 31.12.2008	Reikningur 31.12.2007
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	0	0
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	0	9.073.776
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	13.328.955	15.360.294
Handbært fé	14.419.729	17.662.700
Veltufjármunir samtals	<b>27.748.684</b>	<b>42.096.770</b>
Eignir samtals	<b>27.748.684</b>	<b>42.096.770</b>
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé / Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	39.069.840	56.703.338
Breyting v/lokafjárlaga	0	0
Tekjujöfnuður ársins	-13.845.890	-17.633.498
Höfuðstóll í árslok	<b>25.223.950</b>	<b>39.069.840</b>
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals	<b>1.882.814</b>	<b>1.882.814</b>
Eigið fé í árslok	<b>27.106.764</b>	<b>40.952.654</b>
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	<b>0</b>	<b>0</b>
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	477.593	0
Skammtímalántökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	164.327	1.144.116
Skammtímaskuldir samtals	<b>641.920</b>	<b>1.144.116</b>
Skuldir samtals	<b>641.920</b>	<b>1.144.116</b>
Skuldir og eigið fé samtals	<b>27.748.684</b>	<b>42.096.770</b>

# Sjóðstreymi

	Reikningur 2008	Reikningur 2007
Tekjuafgangur/-hali	-13.845.890	-17.633.498
Breyting rekstrartekna, eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	2.031.339	-5.685.029
Breyting skammtímaskulda	-979.789	73.425
Handbært fé frá rekstri	-12.794.340	-23.245.102
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-155.800.000	-151.200.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	165.351.369	143.929.165
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	9.551.369	-7.270.835
Breyting á handbæru fé	-3.242.971	-30.515.937
Handbært fé í ársbyrjun	17.662.700	23.965.001
Handbært fé, hreyfingar	-3.242.971	-6.302.301
Handbært fé í árslok	14.419.729	17.662.700

# Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Áreyjar								
Ás		3.440	1.200		25.600	3.920		8.976
Ásgeirsstaðir	1.944	2.760		6.580	25.960	23.171		4.128
Bessastaðir					160			
Birrufell		48						
Bláeyri (Hlíðargarður)					12.800		10.128	5.472
Borg	144	400		320	1.174	6.750		
Bragðavellir I		3.000	1.040	1.072	80			96
Brekka				804		3.976		240
Brekuborg		1.200						2.376
Brekkugeti					2.160	1.340		
Brekkugetishús					2.200	5.640		
Brekkuusel					3.360	3.350		
Dagverðagerði		5.360			4.400	10.280		240
Droplaugarstaðir		640			2.400	10.920		
Eyjar		1.040	1.840	320	4.200			2.880
Eyjólfsstaðir	210		5.000		3.200	520		
Eyrarland						5.120		
Fell					1.000	200		
Flaga	432	1.288		400	6.584	3.400	480	4.368
Flúðir					1.600	1.000		
Fremri-Nýpur	105	240	720	400		2.200		
Geitagerði								
Geithellar II								
Gilsárteigur I								
Gíslastaðir								
Glúmsstaðir I								
Grund		4.400	1.600	2.000		16.840		5.952
Hagi								
Hallfreðarsstaðir II								
Hallgeirsstaðir	840				2.960	2.400		2.376
Hamragerði		160	40	200	560	400		144
Helluland		2.480		960	1.600	2.960		
Heykollsstaðir								
Hjartarstaðir I								
Hlíðarendi I						2.280		
Hnitbjörg	1.008	39.848			16.280	7.320	5.760	1.944
Hof								
Holt								
Hreimsstaðir		1.520	480		2.080	9.040		
Hrólfstaðir		360				880		
Hryggstekkur								
Hrærekslækur								
Hvannabrekka						1.000		
Höskuldsstaðir								
Kleppjárnstaðir								
Kross								
Langhús			1.000		4.000	11.000		
Litla-Steinsvað 2		3.760	480	1.800	23.360	7.360		

Samtals	Ábarnar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta	Skjólbelta-plöntur	Ný- girðingar	Herfing	Plæging	Kjarrsögun ha.	Grisjun m³ af bolviði
	12.157							
43.136	43.136			4 km				
64.543	104.275							
160	1.200							
48								
28.400	76.672	11,2	10.128					
8.788	8.788							
5.288	6.288							
5.020								
3.576	3.576				0,5			
3.500	3.500						6,45	
7.840								
6.710					56,16	14,8		
20.280	21.080							
13.960	41.960				0,5		0,972	
10.280	10.280				3,5	0,5		
8.930	7.490				0,5		16,02	
5.120	9.560							
1.200	1.200				2,5			
16.952	15.920	0,715	1.032					
2.600	2.600							
3.665								
								17
				1,12 km				
30.792	10.602			1,1 km				
					6,3			
				1 km				
8.576	8.576							
1.504	1.504							
8.000	12.800				4,6			
	14.800							
2.280	2.280							
72.160	122.336	6,2						
							3,72	
13.120	25.920				8,65			
1.240	16.000			1,4 km	6,7			
				6 km				
1.000	1.000							
					2,53			
16.000	16.000				3,3			
36.760	46.880				11,2			

# Yfirlit framkvæmda - framhald

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Meðalnes II					9.200	32.101		
Melar								
Miðhús								
Miðhúsasel					3.200	10.050		2.160
Múli III	2.415	15.532	600		4.020	3.200	9.739	4.800
Mýrar	48	640		705	1.640	560		
Mælivellir								
Njarðvík					4.440			2.256
Ormarstaðir								
Óseyri	3.033	21.040	1.840	4.320	16.560	4.720		48
Rauðholt	24	240	160	200	440	2.320		
Refsmýri								
Selland					2.000	2.280		
Setberg								
Skálanes	2.782	6.950					720	
Skáli	144	920	1.360	1.139	1.040			288
Skorrastaður II								
Skógargerði								
Skriða	791	804	4.000	804	4.165	2.240		1.392
Sleðbrjótur I	1.104	17.120		2.160	57.040	57.276		
Snjóholt	24							72
Staffell								
Stangarás					368			
Starmýri II								
Stóra-Sandfell I		43.768	4.960	47.496	61.376	106.547		10.608
Strandhöfn	260	1.280	1.840		6.560			648
Strönd								
Stöð		5.092	1.200	1.809	2.400			
Sörlastaðir	24	7.299	16.800	20.261	17.688	15.579	24	24
Teigarhorn	5.880	12.080	6.720	1.200	5.200		384	25.848
Tókastaðir		48						
Urriðavatn								
Útstekkur I			1.000	400	2.480	1.200		
Vað								
Vallanes		4.272		2.975				
Valþjófsstaður I	1.080		9.600			20.000	425	240
Viðastaðir	2.460	2.000		6.030	15.320	15.920		2.400
Víðilækur	249			200	8.420	9.819		
Víðivallagerði					5.120	1.742		
Víðivellir-fremri	576				2.000			
Víðivellir-ytri I								
Víðivellir-ytri II								
Vík	5.460	65.870	5.200	16.080	13.800	15.040		3.336
Ytri-Nýpur	48	240		560	2.560	520	144	96
Þiljuvellir	1.872			1.608	1.600	4.600		
Þorbrandsstaðir	1.080				4.000	7.720		
Þuríðarstaðir								
Fardagafoss girðing								
<b>Samtals</b>	<b>34.037</b>	<b>277.139</b>	<b>68.680</b>	<b>122.803</b>	<b>400.355</b>	<b>456.701</b>	<b>27.804</b>	<b>93.408</b>

Samtals	Ábarnar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta	Skjólbelta-plöntur	Ný- girðingar	Herfing	Plæging	Kjarrsögun ha.	Grisjun m³ af bolviði
41.301	53.629					2,97		
							3,94	15
15.410	21.880							
40.306	43.986		23.721		5,39			
3.593	6.353							
6.696	13.696				2,08			
51.561	51.561				28,2			
3.384	6.016							
4.280	4.280							
10.452	2.328							
4.891	7.035				3			
	10.650							
14.196	12.340				7			
134.700	134.700				35,64			
96								
368	368							
274.755	335.231				11,75			
10.588	10.588				2			
10.501	10.501							
77.699	32.435							
57.312	71.048			157 ha	14,9			
48								
5.080	120			20,1 ha				
7.247								
31.345	31.345		1.241					
44.130	44.130				16,1			
18.688	25.891							
6.862	7.082						1,3	107
2.576	3.216							
					1,3			208
					1,3			
124.786	79.832				23,2	15,4		
4.168	5.508		528					
9.680	21.120		3.480					
12.800	15.720		1.080		3			
	-							
				1,4 km				
<b>1.480.927</b>	<b>1.710.969</b>	<b>18,115</b>	<b>41210</b>	<b>18,4 km*</b>	<b>262</b>	<b>34</b>	<b>32</b>	<b>347</b>

# Helstu stærðir

Ár	Fjárlög	Fjárlög uppreiknað með vísitölu neyslu-verðs*	Fjöldi samningsbundinna jarða	Stærð samnings-svæðis (ha)	Fjöldi kortlagðra jarða	Kortlagning (ha)	Girðingar (km)	Jarð-vinnsla (ha)	Slóðagerð (m)
1990	25.000.000 kr.	50.664.034 kr.				800	5		
1991	35.710.000 kr.	67.430.990 kr.	20	2.500		2.200	21	159	
1992	51.500.000 kr.	90.751.873 kr.	41	3.939		1.900	17	76	
1993	51.500.000 kr.	88.595.064 kr.	51	5.133		1.500	40	79	10.000
1994	53.100.000 kr.	88.541.819 kr.	54	5.325		500	25	83	1.450
1995	53.000.000 kr.	86.937.246 kr.	64	7.500		1.700	19	128	1.700
1996	54.300.000 kr.	87.643.739 kr.	77	8.800		1.500	29	110	0
1997	54.900.000 kr.	86.873.711 kr.	81	9.600		700	31	161	850
1998	59.900.000 kr.	92.707.072 kr.	81	9.600		200	10	100	0
1999	67.200.000 kr.	102.654.545 kr.	95	10.705		580	6	90	0
2000	77.900.000 kr.	112.486.803 kr.	102	11.713		0	3	94	3.500
2001	91.200.000 kr.	127.202.372 kr.	112	12.346	8	980	50	228	10.501
2002	100.600.000 kr.	128.213.905 kr.	121	13.360	3	1.036	8	225	8.800
2003	112.200.000 kr.	140.961.549 kr.	128	13.880	7	957	36	272	12.050
2004	128.400.000 kr.	157.528.553 kr.	132	14.031	2	93	14	156	3.276
2005	141.400.000 kr.	166.878.010 kr.	137	14.513	0	0	17	163	12.500
2006	149.300.000 kr.	168.792.111 kr.	140	15.027	14	1.072	10	323	9.200
2007	151.200.000 kr.	159.924.166 kr.	148	16.169	5	411	14	226	11.250
2008	156.025.000 kr.	156.025.000 kr.	151	16.495	15	910	18	295,47	
<b>Samtals</b>	<b>1.614.335.000 kr.</b>	<b>2.160.812.562 kr.</b>	<b>151</b>	<b>16.495</b>	<b>54</b>	<b>17.039</b>	<b>373</b>	<b>2.968</b>	<b>85.077</b>

\* Uppreiknað til janúar 2008.

Árin 1990 – 2000 miðast eingöngu við tölur frá Héraðsskógum

Árin 2001 – 2007 eru samanlagðar tölur frá annars vegar Héraðsskógum og hins vegar Austurlandsskógum.

Árið 2007 voru verkefnin tvö sameinuð

## Starfsfólk - 2008

Starfsmaður	Starfsheiti	Starfshlutfall
Agnes B. Birgisdóttir	Verkefnisstjóri	50% til hausts
Benjamín Örn Davíðsson	Verkefnisstjóri	92%
Else Möller	Sumarstarfsmaður	
Freyja Gunnarsdóttir	Skrifstofustjóri	80%
Hlynur Gauti Sigurðsson	Verkefnisstjóri	50% frá hausti
Jóhann Þórhallsson	Verkefnisstjóri	100% til vors
Ólöf I. Sigurbjartsdóttir	Framkvæmdastjóri	100%
Sherry Curl	Skógræktarráðunautur	50%
Sigbjörn Sævarsson	Landnýtingarráðunautur	40%
Þórveig Jóhannsdóttir	Sumarstarfsmaður	

Gróðurset- tar plöntur, fjöldi	Gróðurset- ning í ha á ári (3600 pl/ha)	Áburðar- gjöf (tonn)	Binding kolt- vísyrings (tonnum)	Ársverk
175.000	49		340	13
945.000	262		2.174	17
1.392.000	386		4.876	24
1.392.000	386		7.577	23
1.190.000	330		9.887	23
1.357.000	376		12.521	23
1.309.000	363		15.062	23
1.325.000	367		17.633	23
1.006.000	279	6	19.586	24
1.032.077	286	8	21.589	26
1.150.248	319	8	23.822	29
1.189.360	335	13	26.166	32
1.450.881	410	17	29.035	33
1.082.324	309	20	31.198	36
1.160.295	332	18	33.520	40
1.048.380	307	18	35.668	43
1.408.830	410	21	38.540	43
1.478.211	493	42	41.989	42
1.480.927	411	26	44.869	40
<b>22.572.533</b>	<b>6.410</b>	<b>197</b>	<b>416.052</b>	<b>556</b>



Myndirnar sem prýða ársskýrsluna að þessu sinni voru teknar í Skotlandsferð Grænni skóga II sem farin var 12.- 19. ágúst 2008.



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

# ÁRSSKÝRSLA 2008